Gátlisti

# Eftirlit skip og báta (05.2025)

| Fiskiskip / Skr.# | Rekstraraðili (leyfishafi) / Kennitala rekstraraðila |
|---|---|
| Tengiliður / Kennitala tengiliðar | Netfang / Símanúmer tengiliðs |
| Viðstaddir skoðun, auk skoðunarmanns | Dagsetning skoðunar |

**Samkvæmt lögum um matvæli ber Matvælastofnun að hafa eftirlit með og framfylgja reglum um öryggi matvæla og góða hollustuhætti, þ.m.t. opinbert eftirlit með fiskiskipum og bátum.**
**Matvælastofnun annast opinbert eftirlit samkvæmt 6.gr. laga nr 93/1995, með allri frumframleiðslu matvæla, annarra en matjurta.**
**Sjá einnig 9gr. Í lög um matvæli nr. 93/1995**
**Reglugerð EB/852/2004 (103/2010) 1 viðauki fjallar um frumframleiðslu og reglugerð (ESB) 2019/627.**
**Matvælafyrirtæki, eða einstaklingar, sem stunda fiskveiðar sem eingöngu falla undir frumframleiðslu og eru með gilt veiðileyfi samkvæmt lögum um stjórn fiskveiða þurfa hvorki starfsleyfi né þurfa að tilkynna Matvælastofnun um starfsemi sína áður en hún hefst.**
**Sérstakar kröfulýsingar:**
**Reglugerð nr. 104/2010 (EU reglugerð nr. 853/2004 Viðauki III, þáttur VIII)**
**Breyting á reglugerð nr. 104/2010 var gerð með reglugerð um kælingu nr. 528/2012. (meðferð og kælingu botnfiskafla úr veiðiferðum sem vara skemur en 24 klukkustundir).**
**Einnig er að finna kröfur til fiskiskipa skv. II. kafla 5 og 6. gr. laga nr. 55/1998 um sjávarafurðir.**
**M.a. II. kafla 5 og 6. gr, III. Kafla 14. grein einnig 15. grein o.fl.**

| | L | F | A | **Starfsfólk** |
|---|---|---|---|---|
| **3.1.3.** | | | | **Þekking starfsmanna**<br>Meðal starfsmanna um borð er a.m.k. einn starfsmaður sem hefur þekkingu á góðum starfsháttum og hollustuháttum.<br>*Viðauki II, kafli XII í reglugerð nr. 852/2004/EB (103/2010) og 10. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli* |
| **3.2.1.** | | | | **Umgengnisreglur um borð í skipum og bátum**<br>Spyrja skal ábyrgðaraðilla um umgengnisreglur um borð og kanna hvort starfsmenn séu að fylgja þeim.<br>*Viðauki II, kafli VIII í reglugerð nr. 852/2004/EB (103/2010)* |
| **3.2.3.** | | | | **Hlífðarfatnaður**<br>Vinnufatnaður / hlífðarfatnaður starfsmanna sem handleika fisk sé við hæfi og hreinn.<br>Gott skipulag sé í búningsherbergjum og stakk geymslum, umgengni góð og rými hreint.<br>*Viðauki II, kafli VIII í reglugerð nr. 852/2004/EB (103/2010)* |
| **3.2.4.** | | | | **Opin sár**<br>Starfsmenn sem handleika fisk séu ekki með opin sár.<br>Verja skal sár með viðeigandi umbúðum .<br>*Viðauki II, kafli VIII í reglugerð nr. 852/2004/EB (103/2010)* |
| **3.2.5.** | | | | **Persónulegt hreinlæti**<br>Starfsmenn sem handleika fisk gæti hreinlætis á höndum / hönskum eftir því sem kostur er.<br>*Viðauki II, kafli VIII í reglugerð nr. 852/2004/EB (103/2010)* |

| | L | F | A | **Búnaður, þrif og meindýr** |
|---|---|---|---|---|
| **4.2.4.** | | | | **Meindýr**<br>Engin merki um meindýr eru sjáanleg um borð.<br>*Viðauki II., kaflar I, VI, og IX í reglugerð 852/2004/EB (103/2010), 28. gr. laga um velferð dýra nr. 55/2013 og 47. gr. efnalaga nr. 61/2013)* |
| **4.3.3.** | | | | **Þrif á snertiflötum**<br>Þrif á flötum í snertingu við fisk, s.s. áhöld, kör, skurðarbretti, slægingarborð, eru í lagi. Allsherjarþrif eru gerð í lok hverrar veiðiferðar eða oftar ef þörf krefur.<br>*Viðauki II, kaflar I – V í reglugerð nr. 852/2004/EB (103/2010) og VIII. Þáttur í Viðauka III. reglugerðar nr. EB/853/2004 (104/2010)* |
| **4.3.4.** | | | | **Löndunarkör og -bakkar**<br>Einungis er landað í hrein, óskemmd kör og bakka. Nægjanlegur fjöldi kerja/bakka er um borð.<br>*Viðauki II, kaflar I – V í reglugerð nr. 852/2004/EB (103/2010) og VIII. Þáttur í Viðauka III. reglugerðar nr. EB/853/2004 (104/2010)* |
| **4.3.5.** | | | | **Almenn þrif**<br>Þrif á almennum flötum ekki í snertingu við fisk, s.s. vinnsluþilfar, lestar, eru í lagi. Allsherjarþrif eru gerð í lok hverrar veiðiferðar eða oftar ef þörf krefur.<br>*Viðauki II, kaflar I – V í reglugerð nr. 852/2004/EB (103/2010) og VIII. Þáttur í Viðauka III. reglugerðar nr. EB/853/2004 (104/2010)* |
| **4.3.9.** | | | | **Þrifabúnaður**<br>Búnaður sem er notaður við þrif er hreinn og heill. Neysluvatn eða hreinn sjór er notaður við þrif (ekki hafnarsjór).<br>*Viðauki II, kaflar I – V í reglugerð nr. 852/2004/EB (103/2010)* |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **4.4.3.** | | | | **Viðhald á snertiflötum**<br>Flötum í snertingu við fisk, s.s. áhöld, kör, skurðarbretti, slægingarborð, er haldið vel við.<br>*Viðauki II, kaflar I – V í reglugerð nr. 852/2004/EB (103/2010) og VIII. Þáttur í Viðauka III. reglugerðar nr. EB/853/2004 (104/2010)* |
| **4.4.4.** | | | | **Ís (flöguís), ísbráð, krapi og ofurkæling**<br>Ís sem notaður er til kælingar er hreinn og varinn fyrir mengun. Sjór notaður til framleiðslu á ísbráð, krapa eða í ofurkæling skal vera úr hreinum sjó.<br>*Viðauki II, kaflar I – V í reglugerð nr. 852/2004/EB (103/2010)* |
| **4.4.5.** | | | | **Almennt viðhald**<br>Almennum flötum, sem ekki eru í snertingu við fisk, s.s. á vinnsluþilfari, rýmum, búnaði og lestum, er vel við haldið.<br>*Viðauki II, kaflar I – V í reglugerð nr. 852/2004/EB (103/2010) og VIII. Þáttur í Viðauka III. reglugerðar nr. EB/853/2004 (104/2010)* |
| **4.5.1.** | | | | **Rými og áhöld**<br>Vinnslu- og stoðrými eru til staðar og eru nægilega stór í samhengi við stærð og umfang báts/skips. Óviðeigandi geymsla afurða á ekki að eiga sér stað.<br>*Viðauki II, kaflar I – V í reglugerð nr. 852/2004/EB (103/2010) og VIII. Þáttur í Viðauka III. reglugerðar nr. EB/853/2004 (104/2010)* |
| **4.5.2.** | | | | **Efnisval og frágangur**<br>Efni í flötum (snerti- og ekki-snertiflötum) er viðeigandi og frágangur þannig að þá er auðvelt að þrífa og þeir þola endurtekin þrif.<br>*Viðauki II, kaflar I – V í reglugerð nr. 852/2004/EB (103/2010) og VIII. Þáttur í Viðauka III. reglugerðar nr. EB/853/2004 (104/2010)* |
| **4.6.3.** | | | | **ABP**<br>Úrgangi, afurðum sem ekki eru til manneldis og öðru sem mengað getur aflann er haldið aðskildu frá aflanum.<br>*Viðauki II, kafli VI í reglugerð nr. 852/2004/EB (103/2010), reglugerð nr. 1069/2009/EB (674/2017) og 15.-16. gr. reglugerðar nr. 767/2009/EB (744/2011))* |

| | L | F | A | Aðskilnaður og aðgreining afla |
|---|---|---|---|---|
| **5.1.3.** | | | | **Umbúðir**<br>Umbúðir sem notaðar eru um borð og eru ætlaðar til matvælavinnslu, geymdar í viðeigandi rými og séu varðar fyrir mengun.<br>*Viðauki II, kafli IV, V og X í reglugerð nr. 852/2004/EB (103/2010), reglugerð nr. 1935/2004/EB (398/2008), reglugerð nr. 10/2011/EB (374/2012) og 14. gr. laga nr. 93/1995)* |
| **5.2.3.** | | | | **Aðskilnaður / Flokkun afla**<br>Nauðsynlegur aðskilnaður milli afla/ tegunda til að komast hjá krossmengun (ef við á).<br>*13. gr. laga nr. 93/1995 og viðauki II, kafli IX í reglugerð nr. 852/2004/EB (103/2010) og VIII. Þáttur í Viðauka III. reglugerðar nr. EB/853/2004 (104/2010)* |
| **5.2.6.** | | | | **Meðferð og geymsla kemískra efna**<br>Þrifa- / hreinsiefni og áhöld til þrifa eru geymd á viðeigandi stað fjarri afla. Kemísk efni s.s. smurefni og olíur skal geyma á viðeigandi stað fjarri afla og einnig snertiflötum matvæla til að lámarka líkur á efnafræðilegu krossmiti.<br>*13. Gr. Laga nr.93/1995 og viðauki II., kafli IX. Reglugerð nr. 852/2004/EB(103/2010) og VIII. Þáttur í Viðauka III. reglugerðar nr. EB/853/2004 (104/2010)* |
| **5.2.7.** | | | | **Aðskilnaður. Lest, vélarrými og stoðrými**<br>Afli er varinn fyrir mengun, lest er aðskilin frá vélarrúmi á fullnægjandi hátt.<br>*Viðauki II, kafli I-b í reglugerð nr. 852/2004/EB(103/2010) og VIII. Þáttur í Viðauka III. reglugerðar nr. EB/853/2004 (104/2010)* |
| **5.2.8.** | | | | **Óviðkomandi hlutir**<br>Engir óviðkomandi hlutir eru geymdir um borð og ekki þannig að þeir mengi aflann.<br>*13. gr. laga nr. 93/1995 og viðauki II., kafli IX. í reglugerð nr. 852/2004/EB (103/2010) og VIII. Þáttur í Viðauka III. reglugerðar nr. EB/853/2004 (104/2010)* |
| **5.2.10.** | | | | ***Aðstaða við löndun***<br>*Aðstaða við löndun afla er þannig að ekki er hætta á að aflinn mengist.*<br>*13. gr. laga nr. 93/1995 og viðauki II., kafli IX. í reglugerð nr. 852/2004/EB (103/2010)* |
| **5.3.6.** | | | | **Merking afla**<br>Merkingar afla (afurða) s.s. veiðidagur, tegundir o.fl. eftir því sem við á vegna uppboðs og/eða rekjanleika eru til staðar og fullnægjandi. (Hér er einnig átt við hrogn og lifur, þarf að vera aðskilið eftir tegundum).<br>*Almennt um merkingar: 8., 11., 13., og 15. gr. laga nr. 93/1995, 8., 14. og 16. gr. reglugerðar nr. 178/2002/EB (102/2010), reglugerð 1760/2000/EB (968/2011) og reglugerð nr. 1169/2011/EB (1294/2014). Auðkennismerki: II. viðauki, I. þáttur reglugerðar nr. 853/2004/EB (104/2010))* |

| | L | F | A | Meðhöndlun afla um borð |
|---|---|---|---|---|
| **6.1.3.** | | | | **Þvottur afla**<br>Skoða skal og meta hvort fiskur hafi verið skolaður/þveginn á nægilegan og viðunandi hátt.<br>*VII. Þáttur í Viðauka III.reglugerðar nr. EB/853/2004 (104/2010) ásamt 4.breytingu á sömu reglugerð um meðferð og kælingu botnfiskafla úr veiðiferðum sem vara skemur en 24 klukkustundir)* |
| **6.2.2.** | | | | **Hitastig afla**<br>Hitastig afla við löndun er nálægt hitastigi bráðnandi íss (0-2°C). Ef veiðiferð varir skemur en 24 tíma, skal hitastigið vera undir 4°C innan við fjórum klukkustundum eftir að afli er kominn um borð. Landaður afli er vel kældur með ís við löndun. Aðrar afurðir s.s. lifur og hrogn eru kæld strax eftir slægingu, og geymdar undir ís. Lönduðum afla skipsins er komið í skjól fyrir mengun og sól strax að aflokinni löndun og vigtun.<br>*VII. Þáttur í Viðauka III.reglugerðar nr. EB/853/2004 (104/2010) ásamt 4.breytingu á sömu reglugerð um meðferð og kælingu botnfiskafla úr veiðiferðum sem vara skemur en 24 klukkustundir)* |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **6.2.3.** | | | | **Kælibúnaður og kælitankar**<br>Kanna skal eftirlit með búnaði til kælingar á afla bæði er varðar hitastig, viðhald og þrif. Tankar um borð í skipum, sem eru búin til að kæla fisk og fiskafurðir í kældum, hreinum sjó, skulu vera með innbyggðum tækjum til að halda jöfnum hita í öllum tankinum. Þessi tæki skulu geta kælt blöndu af fiski og hreinum sjó, þannig að hitinn sé a.m.k. kominn niður í 3 °C sex klst. eftir að sett er í tankana og a.m.k. niður í 0 °C sextán klst. eftir ísetningu, og gera kleift að vakta og, ef þörf krefur, skrá hitann.<br>*VII. Þáttur í Viðauka III.reglugerðar nr. EB/853/2004 (104/2010) ásamt 4.breytingu á sömu reglugerð um meðferð og kælingu botnfiskafla úr veiðiferðum sem vara skemur en 24 klukkustundir)* |
| **6.2.4.** | | | | **Afurðir/afli**.<br>Eftirlitsaðili framkvæmir skynmat á ferskleika fisks við löndun. Líta skal til hver afli skipa og báta er þegar kemur að kröfu um frekari athuganir á afla. Sé þess þörf skal taka sýni úr afla til rannsóknar.<br>*Viðauki A Matsreglur nr. EB/853/2004 (104/2010) og 70. gr. og VI. viðauki I. Kafli reglugerðar (ESB) 2019/627.* |

| | L | F | A | Viðauki - Fiskiskip og bátar |
|---|---|---|---|---|
| **8.6.1.** | | | | **Sjóinntak og losun úrgangs**<br>Kanna yfirlitsmynd skipa, staðsetningar á sjóinntaki og hvar staðsetning er á losun skólps m.v. sjóinntak. Kanna verklag við inntöku á sjó og eins við losun á skólpi (að slíkt sé ekki framkvæmt samtímis).<br>*III. viðauki, VIII. þáttur, I. kafli, A. liður í reglugerð nr. 853/2004 (104/2010)* |
| **8.6.2.** | | | | **Vökvamótorar og vökvadæling**<br>Kanna staðsetningu á mótorum og tengjum s.s. glussatjökkum og athuga hvort búið sé að meta áhættu og gera ráðstafanir út af hugsanlegum leka á olíu eða glussa, t.d. með staðsetningu á lekabyttum sem taka við og leiða mengun frá snertiflötum. Er virkt eftirlit með stöðum þar sem áhætta er meiri og hugsanlega erfitt að koma við vörnum s.s. glussatjökkum á hlerum í móttöku.<br>*II. viðauki, IX. kafli reglugerðar nr. 852/2004 (103/2010)* |
| **8.7.1.** | | | | **Lifandi samlokur**<br>Skip og bátar sem stunda veiði á lifandi samlokum s.s. ígulkerjum, kræklingi og hörpudisk skulu uppfylla skilyrði sem tilgreind eru um verklag og meðhöndlun á lifandi samlokum í "Efitrlitshandbók Matvæla úr dýraríkinu" þ.e. í kafla 8.7. Kannað hvort til staðar sé uppskeruheimild á ræktunarsvæði þar sem uppskera fer fram (ekki þörf þar sem veiðar eru utan flokkaðra svæða) og skráningar sem fylgja afla (sjá kafla 8.7 í skoðunarhandbók matvæla).<br>*III. viðauki, VII. þáttur, V. kafli í reglugerð nr. 853/2004 (104/2010)* |